



## **SKELJUNGUR**

**ÁRSHLUTAUPPGJÖR – FYRRI ÁRSHELMINGUR 2021**

**HAGNAÐUR Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI NAM 292 MILLJÓNUM KRÓNA OG VEX UM 156% Á MILLI ÁRA.**

**EBITDA Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI NAM 911 MILLJÓNUM KRÓNA OG VEX UM 44% MILLI ÁRA.**

### **HELSTU LYKILTÖLUR OG NIÐURSTÖÐUR ANNARS ÁRSFJÓRÐUNGS 2021 (2F 2021)**

- Framlegð nam 2.481 m.kr. og hækkaði um 8,6% frá öðrum ársfjórðungi 2020 (2F 2020).
- EBITDA nam 911 m.kr., sem er 43,9% hækkun frá 2F 2020.
- EBITDA framlegð var 36,7% miðað við 27,7% á 2F 2020.
- Hagnaður eftir skatta nam 292 m.kr. samanborið við 114 m.kr. á 2F 2020.
- Hagnaður á hlut var 0,15 í samanburði við 0,06 á 2F 2020.
- Arðgreiðsla að fjárhæð 350 m.kr. greidd 8. apríl 2021.
- Handbært fé frá rekstri (- til rekstrar) nam -1.307 m.kr. samanborið við 609 m.kr. á 2F 2020.
- Eigið fé í lok tímabilsins nam 9.916 m.kr. og eiginfjárlutfall var 35,2%.

### **HELSTU LYKILTÖLUR OG NIÐURSTÖÐUR FYRRI ÁRSHELMINGS 2021 (1H 2021)**

- Framlegð nam 4.831 m.kr. og hækkaði um 4,7% frá fyrri árshelmingi 2020 (1H 2020).
- EBITDA nam 1.684 m.kr. án einskiptiskostnaðar, sem er 35,1% hækkun frá 1H 2020.
- EBITDA hagnaður eftir einskiptiskostnað nam 1.584 m.kr. sem er 27,1% hækkun frá 1H 2020.
- EBITDA framlegð var 32,8% miðað við 27% á 1H 2020.
- Hagnaður eftir skatta nam 461 m.kr. samanborið við 274 m.kr. á 1H 2020.
- Arðsemi eigin fjár, á ársgrundvelli, var 9,5% samanborið við 5,7% á 1H 2020.
- Hagnaður á hlut var 0,24 í samanburði við 0,14 á 1H 2020.
- Handbært fé frá rekstri (- til rekstrar) nam -873 m.kr. samanborið við 1.195 m.kr. á 1H 2020.
- Eigið fé í lok tímabilsins nam 9.916 m.kr. og eiginfjárlutfall var 35,2%.

## HORFUR FYRIR ÁRIÐ 2021

Við birtingu ársreiknings 2020 gaf Skeljungur út afkomuspá og áætlaði að EBITDA ársins 2021 yrði á bilinu 3.000-3.400 m.kr. og fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum yrði á bilinu 750-850 m.kr. Félagið heldur þeirri spá óbreyttri.

Í afkomuspá félagsins, það sem eftir er ársins, er gert ráð fyrir stöðugu gengi gjaldmiðla og stöðugu olíuverði. Bent er á að við umreikning reikningsskila er notast við meðalgengi innan ársins. Áætlanir félagsins miða við meðalgengi DKK/ISK 20,0 á síðari helmingi ársins.

## TÖLULEGUR SAMANBURÐUR

Í milljónum króna	2021 2F	2020 2F	Δ
Framlegð	2.481	2.285	8,6%
EBITDA	911	633	43,9%
EBIT	574	302	90,2%
Hagnaður tímabils	292	114	155,7%
Heildarhagnaður tímabils	280	130	115,4%

2021 1H	2020 1H	Δ
4.831	4.615	4,7%
1.584	1.247	27,1%
912	604	51,2%
461	274	68,7%
359	545	-34,1%

Hlutföll	2021 2F	2020 2F
EBITDA hlutfall	36,7%	27,7%
EBIT hlutfall	23,1%	13,2%
Launakostn. / framlegð	-36,0%	-45,1%
Annar kostn. / framlegð	-24,3%	-24,8%
Rekstrarkostnaður / framlegð	-63,3%	-72,3%
Arðsemi eiginfjár (ársgrundvelli)		

2021 1H	2020 1H
32,8%	27,0%
18,9%	13,1%
-38,8%	-44,0%
-24,6%	-25,2%
-67,2%	-73,0%
9,5%	5,7%

## ÁRNI PÉTUR JÓNSSON, FORSTJÓRI SKELJUNGS:

„Afkoma annars ársfjórðungs hjá samstæðunni ber með sér að aðstæður í efnahagslífinu eru smám saman að færast nær því sem var fyrir heimsfaraldurinn.

Við höfum haldið áfram að hagræða í rekstri okkar samhliða þeim skipulagsbreytingum sem áður hefur verið tilkynnt um. Einskiptisáhrif þeirra í rekstrinum eru 100 milljónir króna sem voru gjaldfærðar á fyrri árshelmingi ársins og hafa skilað sér í lækkun rekstrarkostnaðar. Það er ánægjulegt að sjá að rekstrarkostnaður samstæðunnar lækkaði á fyrri árshelmingi um tæplega 7% milli ára að teknu tilliti til einskiptiskostnaðar.

Það hefur átt sér stað kröftug viðspyrna í færeysku efnahagslífi sem við sjáum glögg á afkomu okkar þar en starfsemin í Færeyjum hefur aldrei skilað betri afkomu á fyrri hluta rekstrarárs. Horfur fyrir reksturinn á Íslandi eru góðar að því gefnu að ekki verði miklar raskanir vegna samkomu- eða ferðatakmarkana.



Kaup okkar á Lökk og Dællunni voru samþykkt af Samkeppniseftirlitinu og höfum við tekið yfir þann rekstur. Skrifað var undir kaup á Lyfjavali, sem á og rekur þrjú apótek. Þau kaup voru gerð í gegnum eignarhald okkar í Lyfsalanum og er málið til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu.

Undirritað hefur verið rammisamkomulag við Reykjavíkurborg vegna fyrirhugaðra breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva okkar. Unnið er að frekari útfærslu á samkomulaginu en það er mat okkar að samkomulagið sé hagfellt félaginu til verðmætasköpunar á lóðum okkar.

Áfram er unnið að þeim áherslum sem við höfum áður kynnt s.s. að hagræða í rekstri, einfalda skipulag, skerpa á tekjueiningum og að nýta tækifæri til sóknar.“

## KYNNINGARFUNDUR

Opinn kynningarfundur vegna árshlutauppgjörs félagsins verður haldinn þann 12. ágúst, á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 28, 105 Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 08:30 en boðið verður upp á léttar veitingar frá kl. 08:15. Á fundinum munu Árni Pétur Jónsson, forstjóri, og Ólafur Þór Jóhannesson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, kynna uppgjörið og helstu þætti úr rekstrinum, auk þess sem spurningum fundargesta verður svarað.

Kynningin er meðfylgjandi, auk þess sem kynningarefni frá fundinum verður gert aðgengilegt á vefsíðu Skeljungur, <https://www.skeljungur.is/fyrir-fjarfesta>.

## ÁRSHLUTAREIKNINGUR FYRRI ÁRSHELMINGS 2021

Helstu atriði í tilkynningu þessari eru unnin upp úr árshlutareikningi félagsins, sem samþykktur var af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 11. ágúst 2021.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins, móðurfélagsreikning félagsins og dótturfélaga þess. Reikningarnir eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Til nánari upplýsinga er vísað til reikningsins sem er meðfylgjandi tilkynningu þessari.

*Nánari upplýsingar veita Árni Pétur Jónsson, forstjóri og Ólafur Þór Jóhannesson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, [fjarfestar@skeljungur.is](mailto:fjarfestar@skeljungur.is).*



Skeljungur hf. · Borgartún 26 · 105 Reykjavík

[www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is)  [skeljungur-hf/](https://www.linkedin.com/company/skeljungur-hf/)

